



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### ***Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um bættar samgöngur í Gufunesi***

Á fundi borgarráðs þann 20. janúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Lagt er til að unnið verði með íbúum í vistvæna þorpinu Gufunesi að betri samgöngum sem henta þeirra þörfum. Samgöngum í og úr hverfinu er mjög ábótavant en eina gönguleiðin þaðan í strætó er kílómetra langur grýttur og óupplýstur vegslóði. Reykjavíkurborg hefur boðið upp á pöntunarþjónustu sem er aðeins í boði á ákveðnum tíma og þarf að panta með löngum fyrirvara.*

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. janúar 2022.

### **Umsögn:**

Frá því fyrirspurnin var lögð fram í janúar 2022 hefur verið lagður upplýstur göngu- og hjólastígur á milli Gufuness og Strandvegjar þar sem strætóstöð Strætó bs. er. Þá er verið að skoða fleiri stígatengingar úr hverfinu til austurs og suðurs. Sex leiðir eru í svokallaðri pöntunarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu annað hvort allan daginn eða hluta dags og er Gufunes ein af þeim. „Pöntunarþjónusta“ hentar vel í lítil hverfi og þýðir að viðskiptavinir panta ferðina sem þeir ætla að nýta í gegnum síma áður en lagt er af stað út á stoppistöð. Akstur hófst í Gufunesi í byrjun árs 2022. Panta þarf bíl með 30 mín. fyrirvara fyrir áætlaða brottför. Bifreiðin stoppar á skilgreindum stoppustöðum og ekur upp í Spöng þar sem hægt er að skipta í aðrar leiðir. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó er notkun á pöntunarþjónustu í Gufunesi betri en í öðrum pöntunarþjónustuleiðum eða að jafnaði 60 til 70 ferðir á mánuði. Frá miðju síðasta ári hefur Strætó samnýtt Pant og pöntunarþjónustuna til að auka samlegð og hefur það komið vel út. Bent er á að málefni Gufuness heyra undir íbúaráð Grafarvogs og er hlutverk þess m.a. að styrkja möguleika íbúa í hverfinu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vekja athygli á áskorunum innan hverfisins.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari